

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Líknarsjóð Ögnu og Halldórs Jónssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 4. ágúst 1982. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ fyrir líknarsjóð Ögnu og Halldórs Jónssonar.

Agna Guðrún Jónsson, Barðavogi 1, Reykjavík, stofnar hér með líknarsjóð með eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Sjóðurinn heitir Líknarsjóður Ögnu og Halldórs Jónssonar.

2. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Stofnandi leggur fram sem stofnfé sjóðsins 10 000 krónur í peningum og hlutabréfum.

4. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera arður af stofnfé, gjafir og arfur.

5. gr.

Hlutverk sjóðsins skal vera að styrkja hvers konar líknarstarfsemi á Íslandi eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.

Er heimilt að verja hvers konar tekjum sjóðsins í þessu skyni og hluta af höfuðstól hans, en stofnfé má ekki skerða nema skv. 8. gr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Í fyrstu stjórn sjóðsins skulu vera Agna Jónsson, Barðavogi 1, Reykjavík, formaður, Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmaður, Lindarbraut 25, Seltjarnarnesi og Valur Franklín löggiltur endurskoðandi, Eskihlíð 20, Reykjavík.

Falli stjórnarmaður frá eða láti af störfum skulu þeir sem eftir eru í stjórninni tilnefna mann í hans stað. Skiptir stjórnin þá sjálf með sér verkum.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

Um bókhald sjóðsins og reikningshald skal fara eftir gildandi lögum um bókhald og góðum reikningsskilavenjum.

Reikningsskilum skal lokið fyrir 15. febrúar ár hvert og skal ársreikningurinn endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda.

Ársreikning skal senda ríkisendurskoðanda og skulu niðurstöður hans birtar í B deild stjórnartíðinda.

8. gr.

Ef unnið er að sérstöku stórverkefni á sviði líknarmála og sjóðstjórn verður um það sammála má verja öllum eigum sjóðsins til þessa verkefnis og leggja sjóðinn þannig niður. Sömuleiðis má breyta skipulagsskrá þessari, ef sjóðstjórn verður um það sammála.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Ennfremur skal leita staðfestingar forseta Íslands, ef beita skal ákvæði 8. gr.